

**LÖG**  
**um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum**  
**(tenging minni virkjana við dreifikerfi raforku).**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. másl. 1. mgr. 4. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Vegna raforku-  
vera með uppsettu afl 100 kW eða minna þarf þó ekki virkjunarleyfi.

2. gr.

Við 17. gr. a laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Afhendi virkjun með uppsett afl 100 kW eða minna raforku á lágspennu inn á dreifikerfi  
skal dreifiveita veita afslátt af úttektargjaldi til eigenda hennar ef notkunarstaður tengist  
virkjun um lágspennu. Afsláttur skal að lágmarki nema 50% en allt að 100% af gjaldinu og  
skal hann nánar útfærður í gjaldskrá vegna þeirrar notkunar sem samsvarar vinnslu virkjunar  
á hverjum tíma. Afsláttur af úttektargjaldi á eingöngu við þegar eignarhlutur hvers eiganda  
er að lágmarki 33% í viðkomandi virkjun og/eða hinni virkjuðu auðlind.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2016.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Ragnheiður Elín Árnadóttir.*